

Sjóvá – Árshlutauppgjör

2.065 m.kr. hagnaður á fyrsta ársfjórðungi 2021

Fyrsti ársfjórðungur 2021 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 556 m.kr. (1F 2020: 185 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 1.652 m.kr. (1F 2020: -552 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 2.065 m.kr. (1F 2020: -465 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 3,8% (1F 2020: -0,2%)
- Samsett hlutfall 91,4% (1F 2020: 98,5%)
- Horfur fyrir árið 2021 eru óbreyttar og gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 92% og að hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.100 m.kr.
- Horfur til næstu 12 mánaða gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.200 m.kr. og samsett hlutfall um 92%.
 - Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi alla jafna um 4% á ársgrundvelli til lengri tíma án vaxtatekna af viðskiptakröfum miðað við núverandi vaxtastigi og fjárfestingastefnu félagsins.
 - Miðað við ávöxtun fjárfestingareigna það sem af er ári má vænta að ávöxtun nemi um 8,5% á árinu 2021.

Hermann Björnsson, forstjóri:

Afkoman á fyrsta ársfjórðungi er afar góð og einkennist af áframhaldandi heilbrigðum iðgjaldavexti og mjög góðri afkomu af fjárfestingastarfsemi. Ávöxtun á hlutabréfamörkuðum hefur verið gríðarlega góð á fjórðungnum og var afkoman af hlutabréfasafni í takt við það og raunar langt yfir því sem alla jafna má vænta. Fjárfestingatekjur námu 1.752 m.kr. og ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nam 3,8% á tímabilinu.

Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta nam 556 m.kr. og var samsett hlutfall 91,4%. Þar hefur mikið að segja heilbrigður iðgjaldavöxtur á milli tímabila þar sem eigin iðgjöld vaxa um 6,3% á milli ára og vel umfram eigin tjón. Iðgjaldavöxturinn er drifinn áfram af vexti á einstaklingsmarkaði á meðan iðgjöld á fyrirtækjamarkaði dragast saman á milli tímabila. Einnig ber að hafa í huga að tíðarfarið í ár á þessum ársfjórðungi var gott og hefur jákvæð áhrif á afkomu fjórðungsins. Allt frá 2016 eða 5 ár í röð hefur afkoma af váttryggingastarfsemi verið jákvæð, sem er í takt við það sem stjórnendur hafa lagt ríka áherslu á allt frá því að félagið var skráð á hlutabréfamarkað.

Á dögnum kynntum við uppfærslu á kaskótryggingu, þegar undirvögnum var bætt inn í váttryggingaverndina. Þannig eru tjón þegar t.d. grjót skýst upp undir bílinn og skemmir undirvagn bótaskyld hjá Sjóvá þegar ekið er á tilgreindum vegum. Þetta er sérstaklega mikilvæg viðbót fyrir eigendur rafbíla, en tjón á undirvögnum þeirra geta verið sérstaklega dýr ef rafhlaðan skemmist. Með þessu erum við að koma til móts við þá öru þróun sem er að eiga sér stað á ökutækjamarkaði og stíguum ákveðið inn í framtíðina. Óhætt er að segja að viðtökurnar hafi verið mjög góðar.

Í samstarfi við Landsbjörgu og Stokk er Sjóvá að setja í loftið app sem er ætlað að gera fólki á ferð um landið, bæði Íslendingum og ferðamönnum, kleift að fylgjast með aðstæðum á vegum á þeirri leið sem fyrirhuguð er. Appið lætur vita ef færð á vegum spillist á meðan á ferðalaginu stendur. Okkar vonir standa til að þetta geti komið í veg fyrir að farið sé út í aðstæður sem reynast geta hættulegar. Um er að ræða nytsamlega og árangursríka leið til að aðstoða ferðamenn á leið um landið auk þess forvarnargildis sem þetta felur í sér.

Enn og aftur ber að þakka starfsmönnum fyrir þeirra framlag sem leitt hefur af sér áframhaldandi vöxt í iðgjöldum og ný viðmið í þjónustu við okkar viðskiptavini.

Horfur

Horfur fyrir árið 2021 eru óbreyttar og gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 92% og að hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.100 m.kr. Horfur til næstu 12 mánaða (2F 2021 – 1F 2022) gera ráð fyrir að hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta nemi um 2.200 m.kr. og að samsett hlutfall verði um 92%. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi alla jafna um 4% á ári til lengri tíma. Miðað við ávöxtun fjárfestingareigna það sem af er ári má vænta að ávöxtunin nemi um 8,5% á árinu 2021.

Kynningarfundur 12. maí kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund 12. maí kl. 16.15 þar sem Hermann Björnsson forstjóri mun kynna afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2021. Fundurinn fer fram í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Þeir sem sækja ætla fundinn eru beðnir um að skrá sig fyrirfram til þátttöku í gegnum netfangið fjarfestar@sjova.is. Verður kynningunni einnig streymt beint á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning/>. Vilji aðilar bera upp spurningar sem tengjast uppgjörinu má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is á meðan á útsendingu stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum

Fjárhagsdagatal

2F 2021 – 19. ágúst 2021

3F 2021 – 28. október 2021

4F 2021 – 10. febrúar 2022

Aðalfundur 2022 – 11. mars 2022

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur



	1F 2021	1F 2020	%
Vátryggingastarfsemi			
Iðgjöld tímabilsins	5.563	5.284	5,3%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-286	-321	-11,0%
Eigin iðgjöld	5.277	4.963	6,3%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	41	73	-43,4%
Aðrar tekjur	46	49	-5,8%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	5.365	5.085	5,5%
Tjón tímabilsins	-3.793	-4.185	-9,4%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	68	312	
Eigin tjón	-3.725	-3.873	-3,8%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.084	-1.027	5,1%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-4.809	-4.900	-2,0%
Hagnaður af vátryggingarekstri	556	185	
Fjárfestingarstarfsemi			
Fjárfestingatekjur af fjárfestingarstarfsemi	1.710	-30	
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.	35	-346	
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-94	-176	-45,4%
Hagnaður/tap af fjárfestingarstarfsemi	1.652	-552	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.208	-366	
Tekjuskattur	-143	-99	
Heildarhagnaður/tap tímabilsins	2.065	-465	
Tjónahlutfall	68,2%	79,2%	
Endurtryggingahlutfall	3,7%	-0,1%	
Kostnaðarhlutfall	19,5%	19,4%	
Samsett hlutfall	91,4%	98,5%	
Rekstrarhlutfall	90,1%	96,6%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	39,4%	-11,7%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	42,1%	-9,2%	
Hagnaður á hlut	1,56	-0,35	
Niðurstaða endurtrygginga	-205	7	
Vátryggingaskuld	33.553	31.740	
Heildareignir	63.999	54.631	
Eigið fé	20.585	15.578	
Gjaldþolshlutfall	1,70	1,43	
Lágmarksfjármagnshlutfall	4,46	3,65	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir fyrsta ársfjórðung 2021 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 12. maí 2021. Árs hlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.